



Hjá Ferðafélagi Akureyrar eru flestar ferðir sem falla undir erfiðleikastigið **4 skór**. Þær geta verið langar gönguleiðir en ekki mikil hækkun eða styttri gönguleiðir og þá meiri hækkun.



Mjög erfiðar ferðir: Erfiðar og langar dagleiðir yfir 10 klst. Gengið með allt á bakinu, oft í bröttu fjallendi, lausum skriðum og stórgrýti. Búast má við erfiðum ám. Aðeins fyrir fólk í mjög góðri þjálfun.

Dæmi um ólíkar ferðir sem fallið geta undir fjögurra skóa ferð hjá FFA

1. Dæmi:

Kerling: Sjö tinda ferð 4 skór

Frá Finnastöðum er gengið á Kerlingu 1538 m, hæsta fjall í byggð á Íslandi. Síðan er gengið norður eftir tindunum; Hverfanda 1320 m, Þríklökkum 1360 m, Bónða 1350 m, Litla Krumma, Stóra Krumma, Syðri-Súlu 1213 m, Ytri-Súlu 1143 m og niður í Glerárdal.

Þetta er krefjandi ganga enda merkt fjögurra skóa ferð. Þátttakendur þurfa að vera í góðu gönguformi. Gangan getur tekið 12 klst. en það fer allt eftir hópnum, færð og veðri. Gott að hafa brodda meðferðis.

Vegalengd: 20-21 km. Gönguhækkun (samanlögð) alls 1800 m.

2. Dæmi:

Nokkurra daga skíðaganga t.d. í Laugafell með allan búnað.